# Norðurþing

## Ársreikningur 2012

## Efnisyfirlit

bls.


Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra ..... 2
Áritun óháðs endurskoðanda ..... 3
Rekstrarreikningur ..... 4
Efnahagsreikningur ..... 5 - 6
Sjóðstreymi ..... 7
Skýringar ..... 8 - 23
Rekstraryfirlit ..... 24
Efnahagsyfirlit ..... 25 - 26



**Norðurþing,**
**kt. 640169-5599,**
**Ketilsbraut 9,**
**640 Húsavík.**

# Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins, samstæðunnar, námu 2.677 millj. króna og rekstrargjöld 2.567 millj. króna. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru neikvæð um 234 millj.
Rekstrarniðurstaða ársins varð neikvæð um 121 millj. króna. Í áætlun var gert ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu upp á 178 millj. króna.

Eignir samstæðunnar í árslok námu 7.293 millj. króna og skuldir samtals 5.880 millj. að meðtöldum lífeyrisskuldbindingum. Eignir umfram skuldir námu því 1.413 millj. króna samanborið við 1.389 millj. króna í árslok 2011.

Veltufé frá rekstri nam 360 mkr. samanborið við 242 mkr. skv. áætlun. Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar um 499 mkr. Ný lántaka á árinu nam 4 mkr. og afborganir af lánum 297 mkr.

Heildar launagreiðslur og launatengd gjöld sveitarfélagsins námu 1.474 millj. króna að meðtöldum breytingum á lífeyrisskuldbindingum.

Íbúafjöldi sveitarfélagsins í árslok er 2863.

Ársreikningur Norðurþings fyrir árið 2012 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Húsavík, 18. apríl 2013

**Bæjarstjóri:**

**Bæjarráð:**

Ársreikningur Norðurþings fyrir árið 2012 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar og verið staðfestur við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Húsavík, 13. maí 2013

**Bæjarstjórn:**

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til bæjarstjórnar Norðurþings

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Norðurþings fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

*Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum*
Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

*Ábyrgð endurskoðenda*
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sveitarfélagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla bæjarstjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Álit*
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2012, efnahag þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur og að skýrsla bæjarstjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Húsavík, 13. maí 2013

**PricewaterhouseCoopers ehf**

Guðmundur Snorrason,
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2012

| | Skýringar | Sveitarsjóður A hluti 2012 | Sveitarsjóður A hluti Fjárh.áætl. | Samantekin reikningsskil A og B hluti 2012 | Samantekin reikningsskil A og B hluti Fjárh.áætl. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | 3 | | | | |
| Skatttekjur | | 1.264.884 | 1.245.000 | 1.240.493 | 1.245.000 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | | 486.725 | 385.800 | 486.725 | 385.800 |
| Aðrar tekjur | | 497.723 | 417.602 | 950.153 | 869.193 |
| | | 2.249.332 | 2.048.402 | 2.677.371 | 2.499.993 |
| **Rekstrargjöld** | 4 | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | | 1.244.306 | 1.183.259 | 1.342.671 | 1.289.427 |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | | 125.834 | 116.000 | 131.186 | 116.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 744.874 | 731.539 | 846.714 | 871.508 |
| | | 2.115.015 | 2.030.798 | 2.320.571 | 2.276.935 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir | | 134.317 | 17.604 | 356.799 | 223.059 |
| Afskriftir | 7 | 69.062 | 58.417 | 245.957 | 207.964 |
| | | 2.184.077 | 2.089.215 | 2.566.529 | 2.484.899 |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og (fjármagnsgjalda)** | | 65.255 | (40.813) | 110.842 | 15.095 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 5 | (137.465) | (102.484) | (233.850) | (185.212) |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir skatta og hlutdeild minnihluta** | | (72.211) | (143.297) | (123.008) | (170.117) |
| Tekjuskattur | 15 | 0 | 0 | (7.100) | (19.889) |
| Hlutdeild minnihluta | | 0 | 0 | 8.741 | 11.999 |
| **Rekstrarniðurstaða** | | (72.211) | (143.297) | (121.367) | (178.008) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

| | | Sveitarsjóður A hluti | | Samantekin reikningsskil A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | Skýringar | 2012 | 2011 | 2012 | 2011 |
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 7 | | | | |
| Fasteignir | | 1.885.440 | 1.698.278 | 2.499.599 | 2.318.803 |
| Veitukerfi og hafnarmannvirki | | 0 | 0 | 2.151.557 | 2.111.992 |
| Vélar, áhöld og tæki | | 166.292 | 157.920 | 237.399 | 245.622 |
| Leigðar eignir | | 268.943 | 276.192 | 268.943 | 276.192 |
| | | 2.320.675 | 2.132.390 | 5.157.499 | 4.952.609 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Eignarhlutir í félögum | 8 | 1.281.651 | 989.597 | 367.965 | 623.065 |
| Tekjuskattsinneign | 15 | 0 | 0 | 127.902 | 119.763 |
| Langtímakröfur | 9 | 7.256 | 7.713 | 757.865 | 1.264.355 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki | 9 | 105.635 | 262.113 | 0 | 0 |
| | | 1.394.542 | 1.259.424 | 1.253.732 | 2.007.183 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 3.715.218 | 3.391.814 | 6.411.231 | 6.959.792 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Birgðir | | 0 | 0 | 1.182 | 2.031 |
| Óinnheimtar tekjur | 10 | 214.511 | 160.376 | 240.572 | 189.431 |
| Næsta árs afborganir langtímakrafna | 9 | 3.181 | 31.827 | 1.393 | 1.325 |
| Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki | | 809.404 | 747.438 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 20.040 | 19.965 | 41.445 | 21.807 |
| Handbært fé | | 59.263 | 17.102 | 597.390 | 125.899 |
| | | 1.106.399 | 976.708 | 881.983 | 340.493 |
| **Eignir samtals** | | 4.821.617 | 4.368.522 | 7.293.214 | 7.300.284 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

| Eigið fé og skuldir | Skýringar | Sveitarsjóður A hluti 2012 | Sveitarsjóður A hluti 2011 | Samantekin reikningsskil A og B hluti 2012 | Samantekin reikningsskil A og B hluti 2011 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 11 | | | | |
| Eigið fé | | 965.308 | 633.564 | 1.458.727 | 1.442.885 |
| Hlutdeild minnihluta | | 0 | 0 | (45.506) | (53.622) |
| | | 965.308 | 633.564 | 1.413.221 | 1.389.263 |
| **Skuldbindingar** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 12 | 1.375.557 | 1.289.096 | 1.473.795 | 1.396.273 |
| **Langtímaskuldir** | 13 | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 1.318.345 | 1.362.834 | 3.262.196 | 3.380.522 |
| Leiguskuldir | | 453.384 | 474.243 | 453.384 | 474.243 |
| | | 1.771.730 | 1.837.077 | 3.715.580 | 3.854.765 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 0 | 0 | 10.338 | 31.551 |
| Viðskiptaskuldir | | 132.393 | 58.725 | 149.827 | 73.156 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 13 | 177.654 | 167.876 | 297.076 | 286.323 |
| Næsta árs afborganir leiguskulda | 13 | 8.890 | 2.090 | 8.890 | 2.090 |
| Næsta árs afborganir lífeyrisskuldb. | 12 | 39.036 | 40.989 | 46.193 | 41.229 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki | | 224.067 | 202.998 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 126.983 | 136.108 | 178.294 | 225.635 |
| | | 709.022 | 608.786 | 690.618 | 659.984 |
| **Skuldir og skuldbindingar samtals** | | 3.856.309 | 3.734.958 | 5.879.993 | 5.911.021 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 4.821.617 | 4.368.522 | 7.293.214 | 7.300.284 |
| Ábyrgðarskuldbindingar | 14 | | | | |

# Sjóðstreymi ársins 2012

| | Skýringar | Sveitarsjóður A hluti 2012 | Sveitarsjóður A hluti Fjárh.áætl. | Samantekin reikningsskil A og B hluti 2012 | Samantekin reikningsskil A og B hluti Fjárh.áætl. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Niðurstaða ársins | | (72.211) | (143.297) | (121.367) | (178.008) |
| Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Reiknaðar afskriftir | 7 | 69.062 | 58.417 | 245.957 | 207.964 |
| Aðrir liðir | 16 | 167.213 | 159.620 | 235.405 | 212.345 |
| Veltufé frá rekstri | | 164.065 | 74.740 | 359.995 | 242.301 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | (54.211) | 0 | (69.827) | (4.020) |
| Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga | | (41.326) | (36.000) | (48.700) | (31.980) |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 64.527 | 0 | 73.766 | 0 |
| Breytingar | | (31.009) | (36.000) | (44.760) | (36.000) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 133.056 | 38.740 | 315.236 | 206.301 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárm. | | (140.974) | 0 | (345.784) | (25.500) |
| Sala varanlegra rekstrarfjármuna | | 24.726 | 0 | 26.551 | 0 |
| Fjárfesting í eignarhlutum í félögum | | (330.074) | 0 | (3.833) | 0 |
| Sala á eignarhlutum | | 38.020 | 0 | 245.732 | 0 |
| Afborgun skuldabréfaeignar | | 191.068 | (12.918) | 575.981 | (12.918) |
| | | (217.233) | (12.918) | 498.647 | (38.418) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 0 | 0 | 3.605 | 0 |
| Innborgað hlutafé | | 0 | 0 | 16.251 | 0 |
| Afborganir langtímalána | | (364.278) | (175.103) | (297.081) | (301.401) |
| Önnur breyting skammtímalána | | 593.936 | 240.196 | (65.166) | 271.155 |
| Eigin fyrirtæki, breyting | | (103.319) | (90.915) | 0 | 0 |
| | | 126.339 | (25.822) | (342.391) | (30.245) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 42.161 | 0 | 471.491 | 137.638 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 17.102 | 0 | 125.899 | 258.991 |
| **Handbært fé í árslok** | | 59.263 | 0 | 597.390 | 396.629 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga: Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps. Nær það yfir rúmlega 4% landsins, frá Reykjahverfi í Suður Þingeyjarsýslu að Ormarsá austan við Raufarhöfn og upp fyrir Grímsstaði á Fjöllum, í Norður Þingeyjarsýslu. Þéttbýliskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn.
Í lok árs 2012 voru íbúar sveitarfélagsins 2.863.

Ársreikningur Norðurþings fyrir árið 2012 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, A hluta, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga í samræmi við 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Til sveitarsjóðs, A hluta, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða Aðalsjóð, Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæðar stofnanir og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu Norðurþings, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru Félagslegar íbúðir og Hafnarsjóður. Þá eru tekin með dótturfélögin Orkuveita Húsavíkur ehf, Sorpsamlag Þingeyinga ehf og Fjárfestingafélag Norðurþings ehf.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan. Þar sem gerð hefur verið breyting á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til samræmis.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo möt þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Samantekin reikningsskil**

Ársreikningur sveitarsjóðs, A hluta, og samstæðu A og B hluta er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningnum einstakra fyrirtækja og stofnana en öll innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður eru jöfnuð út.

### 2.2 Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur, lóðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Aðrar tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærði sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma vöru og þjónustu.

Söluhagnaður (tap) af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi. Söluhagnaður (tap) af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er færður á meðal annarra rekstrartekna / -gjalda, en söluhagnaður (tap) af eignarhlutum í félögum er færður meðal fjármunatekna / gjalda í rekstrarreikningi.

# Skýringar

## 2.3 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

## 2.4 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Dreifikerfi fráveitu og vatnsveitu Norðurþings eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningi A og B hluta sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna verður framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkanir vegna þessa endurmats eru færðar yfir eigið fé. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2009 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, nr. 1/2010, Færsla leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir í efnahagsreikningi leigusamninga vegna fasteigna og annarra mannvirkja sem eru til lengri tíma en þriggja ára, enda séu þeir ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan eins árs. Leigðar eignir eru færðar til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna í Eignasjóði.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2009 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, nr. 2/2010, Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna í Eignasjóði, lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af. Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Allar matsbreytingar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir ........ | 40 - 50 ár |
| Hafnarmannvirki ........ | 25 ár |
| Veitukerfi ........ | 25 ár |
| Gatnakerfi ........ | 10 ár |
| Vélar, áhöld og tæki ........ | 5 - 10 ár |

Leigðar eignir eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma með sambærilegum hætti og aðrar eignir ef nokkuð víst er að sveitarfélagið muni eignast hinar leigðu eignir að leigutíma loknum. Ef ekki þykir víst að sveitarfélagið eignist hinar leigðu eignir við lok leigutíma eru eignirnar afskrifaðar að fullu á því sem styttra er af leigutíma eða nýtingartíma.

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

## 2.5 Leigusamningar

Leiga á varanlegum rekstrarfjármunum þar sem leigutaki nýtur næstum alls ávinnings og ber næstum alla áhættu á leigumun er flokkuð sem kaupleiga þrátt fyrir að eignarréttur leigufjármuna sé hjá leigusala. Kaupleiga er færð til eignar við upphaf leigutíma á verði sem er lægra af gangvirði leigumunar og núvirði lágmarksleigugreiðslna. Hverri leigugreiðslu er skipt milli leiguskuldar og vaxtagjalda. Jafnframt þessu hefur verið færð skuld við leigusala, að frádregnum vöxtum, meðal annarra langtímaskulda. Vaxtahluti leigugreiðslunnar er gjaldfærður í rekstrarreikningi á leigutíma til þess að sýna stöðugt vaxtahlutfall af eftirstöðvum leiguskuldar í lok hvers tímabils. Varanlegir rekstrarfjármunir sem keyptir eru á kaupleigu eru afskrifaðir á nýtingartíma eða leigusamningstíma, hvort sem skemmra reynist.

Leiga á fasteignum og öðrum mannvirkjum til lengri tíma en þriggja ára er meðhöndluð með sama hætti og kaupleiga, enda séu leigusamningar vegna eignanna ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan eins árs.

Leiga á öðrum varanlegum rekstrarfjármunum þar sem leigusali nýtur næstum alls ávinnings og ber næstum alla áhættu á leigumun er flokkuð sem rekstrarleiga. Leigugreiðslur eru færðar til gjalda í rekstrarreikningi á leigutíma.

## 2.6 Fjárfestingar í eignarhlutum og öðrum verðbréfum

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Eignarhlutir í eigu Norðurþings í öðrum félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu. Eignarhlutir dótturfélaga eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf.

Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum. Ef markaðurinn fyrir fjárfestingaverðbréf er ekki virkur er gangvirði ákvarðað með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu eða viðurkenndum matslíkönum. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirði með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréf færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

## 2.7 Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2013. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

## 2.8 Viðskiptakröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sveitarfélagsins.

## 2.9 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

## 2.10 Eignir utan efnahagsreiknings

Óskipulögð lönd og lóðir í eigu sveitarfélagsins eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

# Skýringar

## 2.11 Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2012. Breyting á skuldbindingunni er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu nr. 12.

## 2.12 Tekjuskattsinneign

Reiknuð tekjuskattsinneign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur og að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattsinneign er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

## 2.13 Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði. Mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er fært í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

## 2.14 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2012 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum. Birt fjárhagsáætlun er upphafleg og var ekki endurskoðuð á árinu 2012.

## 2.15 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

# Skýringar

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | Sveitarsjóður | | Samantekin reikningsskil | |
|---|---|---|---|---|
| | 2012 | Áætlun | 2012 | Áætlun |
| Skatttekjur: | | | | |
| Útsvör | 1.078.279 | 1.027.923 | 1.078.279 | 1.027.923 |
| Fasteignaskattur og lóðaleiga | 182.705 | 213.177 | 162.214 | 213.177 |
| Aðrar tekjur | 3.900 | 3.900 | 0 | 3.900 |
| | 1.264.884 | 1.245.000 | 1.240.493 | 1.245.000 |
| Jöfnunarsjóður: | | | | |
| Framlag vegna fasteignaskatts | 114.661 | 110.685 | 114.661 | 110.685 |
| Útgjaldajöfnunarframlag | 203.829 | 178.961 | 203.829 | 178.961 |
| Framlag vegna grunnskóla | 83.278 | 80.973 | 83.278 | 80.973 |
| Aukaframlag | 46.675 | 0 | 46.675 | 0 |
| Önnur framlög | 38.282 | 15.180 | 38.282 | 15.180 |
| | 486.725 | 385.800 | 486.725 | 385.800 |
| Skatttekjur samtals | 1.751.609 | 1.630.800 | 1.727.218 | 1.630.800 |
| Aðrar tekjur | 497.723 | 417.602 | 950.153 | 869.193 |
| Rekstrartekjur samtals | 2.249.332 | 2.048.402 | 2.677.371 | 2.499.993 |
| Íbúafjöldi | 2.863 | 2.863 | 2.863 | 2.863 |
| Skatttekjur á íbúa | 442 | 435 | 433 | 435 |

## 4. Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | Sveitarsjóður | | Samantekin reikningsskil | |
|---|---|---|---|---|
| | 2012 | Áætlun | 2012 | Áætlun |
| Laun | 1.006.052 | 959.987 | 1.086.043 | 1.063.404 |
| Launatengd gjöld | 238.254 | 223.272 | 256.628 | 226.023 |
| | 1.244.306 | 1.183.259 | 1.342.671 | 1.289.427 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 125.834 | 116.000 | 131.186 | 116.000 |
| | 1.370.140 | 1.299.259 | 1.473.857 | 1.405.427 |
| Starfsmenn | 220 | | 239 | |

Laun sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 25,4 millj. kr. á árinu 2012.

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | Sveitarsjóður | | Samantekin reikningsskil | |
|---|---|---|---|---|
| | 2012 | Áætlun | 2012 | Áætlun |
| Vöru- og þjónustukaup | 744.874 | 731.539 | 846.714 | 871.508 |

# Skýringar

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | Sveitarsjóður | | Samantekin reikningsskil | |
|---|---|---|---|---|
| | 2012 | Áætlun | 2012 | Áætlun |
| Vaxtatekjur og verðbætur | 10.983 | 17.812 | 92.201 | 34.206 |
| Tekjur af eignarhlutum í félögum | 13.721 | 1.539 | (1.383) | 1.539 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur | (172.926) | (121.835) | (335.425) | (220.957) |
| Lækkun leiguskuldbindingar | 10.758 | 0 | 10.758 | 0 |
| | (137.465) | (102.484) | (233.850) | (185.212) |

Í ársbyrjun 2013 var gengið endanlega frá nýjum leigusamningi við Eignarhaldsfélagið Fasteign hf (EFF) vegna leikskólahúsnæðis, Iðavöllum 1, og féll eldri leigusamningur úr gildi á sama tíma. Leigusamningurinn tók gildi 30. júní 2011 og er til 27 ára. Lækkun leiguskuldbindingar nam 10,8 mkr.

## 6. Heildaryfirlit um rekstur

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Aðalsjóður: | | | | |
| Skatttekjur | 0 | 1.755.450 | 1.755.450 | 1.630.800 |
| Félagsþjónusta | 276.348 | 207.184 | (69.164) | (76.493) |
| Heilbrigðismál | 1.691 | 0 | (1.691) | (964) |
| Fræðslu- og uppeldismál | 923.815 | 100.254 | (823.560) | (785.138) |
| Menningarmál | 45.953 | 1.840 | (44.113) | (43.388) |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 197.311 | 42.900 | (154.411) | (148.058) |
| Brunamál og almannavarnir | 37.921 | 5.656 | (32.266) | (25.069) |
| Hreinlætismál | 70.630 | 59.607 | (11.023) | (11.570) |
| Skipulags- og byggingarmál | 48.045 | 16.921 | (31.124) | (37.890) |
| Umferðar- og samgöngumál | 82.471 | 2.057 | (80.414) | (75.207) |
| Umhverfismál | 74.931 | 4.092 | (70.839) | (56.887) |
| Atvinnumál | 51.390 | (300) | (51.690) | (36.639) |
| Sameiginlegur kostnaður | 232.386 | 27.001 | (205.385) | (179.697) |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 125.834 | 0 | (125.834) | (116.000) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 0 | 44.234 | 44.234 | 53.691 |
| Aðalsjóður samtals | 2.168.726 | 2.266.898 | 98.173 | 91.491 |
| | | | | |
| Eignasjóður | 340.055 | 203.891 | (136.164) | (175.395) |
| Þjónustumiðstöð | 142.829 | 108.610 | (34.219) | (59.393) |
| Sveitarsjóður samtals | 2.651.610 | 2.579.400 | (72.211) | (143.297) |
| | | | | |
| B hluti og dótturfélög: | | | | |
| Félagslegar íbúðir | 82.440 | 36.533 | (45.907) | (21.372) |
| Hafnarsjóður | 149.469 | 73.557 | (75.912) | (82.934) |
| Orkuveita Húsavíkur ehf | 196.715 | 284.423 | 87.708 | 99.556 |
| Sorpsamlag Þingeyinga ehf | 179.717 | 154.269 | (25.448) | (41.959) |
| Fjárfestingafélag Norðurþings ehf | 241 | 1.903 | 1.661 | 0 |
| Hlutdeild minnihluta | 0 | 0 | 8.741 | 11.999 |
| Sjóðir í B-hluta samtals | 608.582 | 550.684 | (49.157) | (34.711) |
| | | | | |
| Samstæða samtals | 3.260.192 | 3.130.084 | (121.367) | (178.008) |

# Skýringar

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti af stofnverði greinast þannig:

| | Fasteignir | Veitukerfi og hafnarmannv. | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Sveitarsjóður: | | | | |
| Bókfært verð 1/1 2012 | 1.698.278 | 0 | 157.920 | 1.856.198 |
| Endurmat lóða og lendna | 126.071 | 0 | 0 | 126.071 |
| Viðbót á árinu | 90.784 | 0 | 50.190 | 140.974 |
| Selt á árinu | (9.697) | 0 | 0 | (9.697) |
| Afskrifað á árinu | (19.996) | 0 | (41.818) | (61.814) |
| Bókfært verð 31/12 2012 | 1.885.440 | 0 | 166.292 | 2.051.732 |
| Afskriftahlutföll | 2-4% | 2-4% | 10-20% | |

| | Fasteignir | Veitukerfi og hafnarmannv. | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Samstæða: | | | | |
| Bókfært verð 1/1 2012 | 2.318.803 | 2.111.992 | 245.622 | 4.676.417 |
| Endurmat lóða og lendna | 126.071 | 0 | 0 | 126.071 |
| Viðbót á árinu | 114.154 | 174.881 | 56.749 | 345.784 |
| Selt á árinu | (20.469) | 0 | (538) | (21.007) |
| Afskrifað á árinu | (38.959) | (135.316) | (64.434) | (238.709) |
| Bókfært verð 31/12 2012 | 2.499.599 | 2.151.557 | 237.399 | 4.888.555 |
| Afskriftahlutföll | 2-4% | 2-4% | 10-20% | |

Norðurþing á 201 ha. land sem kennt er við Bakka og hefur verið skipulagt sem iðnaðarsvæði. Ef áform um uppbyggingu á Bakka verða að veruleika er ljóst að bærinn mun hafa verulegar tekjur af lóðarúthlutunum á svæðinu umfram þann viðbótarkostnað sem bærinn þarf að leggja í til að gera lóðirnar úthlutunarhæfar. Hingað til hefur allur kostnaður vegna framkvæmda og skipulagningar á Bakka verið gjaldfærður í bókum Norðurþings.

### Leigðar eignir

| Leigðar eignir greinast þannig: | Fasteignir |
|---|---|
| Bókfært verð 1/1 2012 | 276.192 |
| Afskrifað á árinu | (7.248) |
| Bókfært verð í árslok | 268.943 |
| Afskriftahlutföll | 2,5% |

Fasteigna - og brunabótamat fasteigna A og B hluta stofnana, greinast þannig í árslok:

| Sveitarsjóður: | Fasteigna-mat | Brunabóta-mat |
|---|---|---|
| Skólahúsnæði | 438.216 | 2.197.834 |
| Íþróttahús og sundlaugar | 291.177 | 1.132.500 |
| Þjónustuhúsnæði/skrifstofuhúsnæði | 200.309 | 900.522 |
| Aðrar fasteignir | 348.636 | 1.389.637 |
| | 1.278.339 | 5.620.492 |

# Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir (frh)

| B - hluta stofnanir og dótturfélög: | Fasteigna-mat | Brunabóta-mat |
|---|---|---|
| Íbúðarhúsnæði | 496.340 | 1.353.365 |
| Aðrar fasteignir | 233.487 | 785.495 |
| | 729.827 | 2.138.860 |
| | 2.008.166 | 7.759.352 |

Samkvæmt ákvæðum í lögum og reglugerð um viðlagatryggingu eru holræsi, hafnarmannvirki og veitukerfi tryggð vegna náttúruhamfara. Iðgjöld á árinu námu 1,3 mkr. en tryggingarverð í lok árs sundurliðast þannig vegna eigna í samstæðunni;

| | |
|---|---|
| Hafnarsjóður Norðurþings | 2.053.129 |
| Orkuveita Húsavíkur ehf - fráveita | 1.020.263 |
| Orkuveita Húsavíkur ehf - vatnsveita | 738.915 |
| Orkuveita Húsavíkur ehf - hitaveita | 2.740.039 |
| | 6.552.346 |

### Lönd og lóðir

Lönd og lóðir á Húsavík eru um 9.053 ha að flatarmáli er skiptast þannig:

| | Hektarar |
|---|---|
| Skipulögð svæði, byggð | 8.230 |
| Ræktað land | 823 |
| | 9.053 |

### Lausafjármunir

Tryggingarverð lausafjármuna í árslok 2012 greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Stjórnsýsluhús | 59.918 |
| Skólar | 285.578 |
| Íþróttahöll og sundlaug | 44.799 |
| Þjónustumiðstöð | 80.460 |
| Húsavíkurhöfn | 2.399 |
| Vatnsveita | 1.818 |
| Slökkvistöðvar | 16.141 |
| Bókasafn | 69.223 |
| Hótel | 22.695 |
| Félagsmiðstöð/Félagsheimili | 15.904 |
| | 598.935 |

# Skýringar

## 8. Eignarhlutir í öðrum félögum

Bókfært verð eignarhluta í öðrum félögum greinist þannig:

